

Kennsluáætlun

Bekkur: 1. - 3. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: Björgvin Valur Guðmundsson

Tímafjöldi: 60 mín. á viku

Námsgögn: Öll almenn áhöld smíðastofunnar.

Lykilhæfni: Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinnu
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi.

Grunnþættir: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – *Sjálfbærni* – *Lýðræði og mannréttindi* – *Jafnrétti* – *Heilbrigði og velferð* – *Sköpun*. Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

- Að nemendur læri að beita verkfærum á réttan hátt
- Að nemendur kynnist hönnunar-/rannsóknarferli hönnuða og listamanna og geti unnið eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- Að nemendur geti skráð hugmyndavinnu og verkferli í skissubók
- Að nemendur geti unnið sjálfstætt og sýni frumkvæði
- Að nemendur læri tungutak hönnunar og smíði
- Að nemendur læri góða umgengni á verkstæði

Námsgögn: Öll almenn áhöld íþróttahússins og sundlaugarinnar.

- Námsmat: Símat yfir alla önnina.
- Einkunnir verða gefnar út að vori samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla á kvarðanum D, C, C+, B, B+ og A

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.

Námsþættir	Hæfniviðmið
Handverk	Nemandi geti valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt. Nemandi geti gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.

Hönnun og tækni	<p>Nemandi geti dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.</p> <p>Nemandi geti framkvæmt einfaldar samsetningar.</p>
Umhverfi	<p>Nemandi geti valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.</p> <p>Nemandi geti sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</p>